

Föstudaginn 16. ágúst 1985.

Nr. 183/1985. **Ákærvaldið**

gegn

Sigmundi Heiðari Árnasyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Una Þóra Magnúsdóttir, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 8. þ.m., sem barst Hæstarétti 13. þ.m. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði stytur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skirskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 8. ágúst 1985.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess í bréfi, dagsettu 7. þessa mánaðar, að Sigmundur Heiðar Árnason, Stillholti 11, Akranesi, fæddur 01.10. 1958, verði úrskurðaður í gæsluvarðhald allt til miðvikudagsins 30. október nk., kl. 17:00.

Málavextir eru eftirfarandi:

Hjá rannsóknarlögreglu ríkisins eru nú til meðferðar mál vegna innbrotsþjófnaða á fjórum stöðum hér í borg, og hafa þeir aðiljar, sem þar voru að verki, haft mikil verðmæti á brott með sér. Einn hinna grunuðu er Sigmundur Heiðar Árnason, en hann hefur alfarið neitað því að vera viðriðinn innbrot og þjófnaði.

Hluti af því þýfi, sem fremjendur höfðu á brott með sér, fannst í íbúð

að Háaleitisbraut 37, en þangað kveðst kærði hafa komið í þeim tilgangi að hitta mann að nafni Guðmundur, sem þar var húsráðandi.

Kærði kveðst hafa orðið var við þýfi í framangreindum húsakynnum, og fyrir dómi hefur hann viðurkennt að hafa kannast við segulband og haglabyssu. Kveðst hann hafa fengið þessa hluti frá manni, sem hann vill ekki nafngreina, og hafi kærði átt að koma þeim í verð.

Af þeim, sem liggja undir grun vegna þátttöku í þeim innbrotum, sem hér um ræðir, hefur einn viðurkennt hlutdeild sína í einu innbrotanna, og jafnframt hefur hann fullyrt, að Sigmundur Heiðar sé einn þátttakenda í umræddu innbroti. Sami maður hefur einnig borið, að hann hafi orð kærða fyrir því, að kærði hafi haft með það þýfi að gera, sem fannst í íbúð að Háaleitisbraut 37.

Að kvöldi hins 6. ágúst sl. hafði lögreglan afskipti af fólki er dvaldist í áður nefndri íbúð, og voru allir handteknir, sem þar voru staddir, og var kærði þeirra á meðal.

Aðkoma að innbrotsstöðunum var mjög svipuð, og leikur því grunur á, að hér hafi sömu menn átt hlut að máli.

Samkvæmt sakavottorði kærða var hann dæmdur þann 20.09. 1984 í 45 daga fangelsi, skilorðsbundið 3 ár, fyrir skjalafals.

Í sakadómi Reykjavíkur er ódæmd ákæra á hendur kærða, þar sem hann er ákærður fyrir húsbrott, ógnanir, þjófnað og gripdeild. Hjá sakadómi Akraness hefur mál verið höfðað á hendur honum vegna innbrotspjófnaðar þann 12. mars sl. Á síðastliðnu ári var kærði þrisvar úrskurðaður í gæsluvarðhald, þar af einu sinni í síbrotagæslu.

Svo sem hér að framan greinir, hefur kærði ekki látið af brotastarfsemi á þessu ári, þrátt fyrir að hann hafi þrívægis þurft að sæta gæsluvarðhaldi á síðasta ári.

Samkvæmt framansögðu má ætla, að kærði muni halda áfram afbrotum, ef hann er látinn vera laus, en málum hans er ekki lokið.

Aðeins hluti þess þýfis, sem saknað er, hefur komið til skila, og þeir vitorðsmenn, sem nefndir hafa verið, hafa ekki allir fundist.

Í þágu rannsóknar þessa sakarefnis, sem nú er skammt á veg komin, og með vísan til þess, sem að framan greinir, ber samkvæmt 1. og 5. t. l. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 að taka kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins til greina og gera kærða að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 30. október nk., kl. 17:00.

Eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33, 1944 þessu eigi til fyrirstöðu, enda er kærði sakaður um brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sem geta varðað hann fangelsisrefsingu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Sigmundur Heiðar Árnason, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 30. október nk., kl. 17:00.

Föstudaginn 16. ágúst 1985.

Nr. 184/1985. **Ákærvaldið**

gcgn

Önnu Maríu Haraldsdóttur

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Una Þóra Magnúsdóttir, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. þ.m., er barst Hæstarétti 13. þ.m., og krafist þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði stytur. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 9. ágúst 1985.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess í bréfi, dagsettu 8. þessa mánaðar, að Anna María Haraldsdóttir, með lögheimili að Vesturgötu 10, Akranesi, fædd þann 26.01. 1961, verði úrskurðuð í gæsluvarðhald allt til miðvikudagsins 21. ágúst nk., kl. 17:00.